

## Inngangur

Myndin *Geimstöðin* fjallar í grófum dráttum um líf þeirra sem búa á gömlu NATO herstöðinni. Rannsóknarspurningin beinist að sjálfum leigumarkaðnum á Íslandi, sem og húsnæðisvanda námsmanna. Sömuleiðis skoða ég hvaða áhrif það hefur á sjálfsmynd fólks að búa á fyrrverandi NATO herstöð. Ég skoða ýmsar kvikmyndir sem reyna að fanga andrúmsloft, rétt eins og ég geri í *Geimstöðinni*. Áherslan er líka á sannleiksframleiðslu í heimildarmyndargerð og hvort mögulegt sé að vera hlutlægur í heimildarmyndargerð.

## Sannleikur í heimildarmyndagerð

Í bókinni *Introduction to Documentary* bendir Bill Nichols á að heimildarmyndin vekji alltaf upp siðferðislegar spurningar hvers konar mynd birtist af fólkinu. Í hefðbundinni „fiction“ kvikmyndagerð sé samkomulagið einfalt: Leikarinn lýtur fyrir mælum leikstjórans og frammistaða hans er metin í samræmi við hæfileika hans. Bæði leikstjórinn og leikarinn hafa ákveðin réttindi, en þetta er alls ekki jafn einfalt í „non-fiction“ heimildarmyndagerð, daglegt líf og hversdagsvenjur þátttakendanna er í brennidepli. Fólkið reynir að láta myndavélarnar ekki trufla líf sitt, og fær eins konar samfélagslegt, sem og menningarlegt hlutverk. Daglegt líf – en ekki túlkun á ákveðinni persónu - skiptir öllu máli fyrir sjálfa heimildarmyndina.<sup>1</sup>

Í greininni „The Camera People“ skoðar Weinberger tengsl milli listrænna heimildarmynda og etnógrafískra mynda. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að hin akademíska etnógrafíska kvikmynd er algerlega ófær um að tjá raunveruleikann í heimildarmyndaformi. Kvikmyndagerðarmaðurinn hafi óhjákvæmilega alltaf áhrif á viðfangsefni sitt. Það sé alger sjálfsblekking ef þeir haldi að þeir geti bara stillt sér upp hjá þátttakendunum sínum með kvikmyndavélarnar sínar og haft engin áhrif á þá. Samkvæmt honum eru þau vísindalegu vinnubrögð sem etnógrafían grundvallast á ófær um að túlka raunveruleikann, rannsóknin er heiðarlegri ef takmarkanir entógrafíunnar eru viðurkenndir. Í greininni skoðar hann mynd Roberts J. Flaherty *Nanook of the North* (1926) sem er etnógrafísk heimildarmynd. Flaherty hagræddi sannleikanum í heimildarmynd sinni til að þjóna lögmálum markaðarins í kvikmyndinni. Hann lét til að mynda veiðimennina nota spjót í stað riffla við rostungaveiðar af því spjótin gerðu kvikmyndina söluvænlegri.<sup>2</sup> Aðferðir veiðimannanna eru sviðsett, og ekki lengur ekta. Kvikmyndagerðarmaður getur með öðrum orðum mótað sannleikann eftir eigin höfði. Það eru engar orðræður sem takast á hver við aðra, ekki nema orðræða hans. Kvikmyndagerðarmaður getur beitt blekkingum með því að láta orðræður takast á, en ríkjandi skoðun er alltaf á valdi heimildargerðarmannsins, hann stjórnar kvikmyndatökunni. Sömuleiðis

---

<sup>1</sup> Bill Nichols, , *Introduction to Documentary*, 2001, bls 5.

<sup>2</sup> Eliot Weinberger. „The Camera People“, 1992, bls, 24-54, hér bls. 28-29.

klippingunni og vali á heimildaröflun. Það gefur því augaleið að hann getur mótað sannleikann, eða þann veruleika sem heimildarmyndin birtir, eftir eigin geðþótta. Það er með öðrum orðum ekki til neinn sannleikur. Hann er allavega gríðarlega margræður. Sá kvikmyndagerðarmaður sem segist gæta fyllsta hlutleysis er annaðhvort að ljúga að sjálfum sér eða áhorfendum. En það sem hann kvikmyndar er samt enginn uppspuni.

Í þessu samhengi má til dæmis minnst minnst á tónlistarmyndina *Gargandi snilld* (2005). *Gargandi snilld* var án efa víðamesta kvikmynd sem gerð hefur verið um íslenska tónlist. Hún var tvö ár í vinnslu og var framleidd af Sigurjóni Sighvatssyni ásamt Zik Zak og leikstýrt af Ara Alexander.

Jónas Sen skrifar grein í *Lesbókina* árið 2005. Hann bendir á að stjórnvöld hafi pantað heimildarmyndir og stjórn málaflakkar beitt þeim í eigin hag. Adolf Hitler hafi til að mynda áttað sig á mikilvægi kvikmyndagerðar og möguleika þessa kvikmyndaforms til að koma boðskap sínum á framfæri. Sem dæmi um áróður í heimildarmynd nefnir Jónas heimildarmynd Leni Riefenstahl (*Triumph des Willen*). Heimildarmyndin sýni Hitler í goðumlíku ljósi á landsþingi Nasistaflokksins árið 1934 og sé dýrð Þriðja ríkisins máluð sterkum litum. Rétt eins og Riefenstahl upphafði Hitler þá bendir Jónas á að íslenskir popptónlistarmenn séu hafnir upp til skýjanna í *Gargandi snilld*:

Myndin fjallar um dægurtónlist á Íslandi „í þúsund ár“ eins og tekið er fram á kápu DVD-útgáfu myndarinnar. Fjöldi viðtala er tekinn við íslenskt tónlistarfólk, en inn á milli er hérland dægurtónlist, hvert lag öðru tilfinningaríkara. Mikið er um landslagssenur, enda má lesa þann boðskap úr myndinni að sú gargandi snilld sem hún kennir sig við liggir í eðli Íslendinga. Íslensk tónlist sé sérstök vegna landfræðilegrar legu, vegna smæðar þjóðfélagsins, vegna hrynjandinnar í tungumálinu, vegna náttúrunnar; einfaldlega vegna þess að við erum íslensk.<sup>3</sup>

Jónas skrifar einnig að gallinn við heimildarmyndir sé að við framleiðslu útvarps- og sjónvarpsþátta sé yfirleitt lítil tími til að gera þá og gjarnan sé reynt að hafa viðtalið nógu áhugavert fyrir hlustandann eða áhorfandann. Það sé því ekki nógu mikið svigrúm til að fara virkilega vel ofan í það sem viðmælandinn segði frá þótt auðvitað lægi oft töluverð

---

<sup>3</sup> Jónas Sen. „Áhrifamáttur heimildarmynda.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 1. júlí 2006, bls: 16.

rannsóknarvinna að baki mörgum þáttum og heimildarmyndum.<sup>4</sup> Jónas nefnir þetta í samhengi við *Gargandi snilld* og gefur í skyn að Ari hafi mögulega ekki haft úr nógu miklu efni að ráða við gerð heimildarmyndarinnar. Ari Alexander segir hins vegar í viðtali við Morgunblaðið að hann hefði tekið upp rúmlega tvö hundruð og fimmtíu klukkustundir af efni á filmu.<sup>5</sup>

Tvær aðrar kvikmyndir hafa verið gerðar um íslenska tónlist, það eru *Rokk í Reykjavík* (1982), *Popp í Reykjavík* (1998). Gunnar Þorri Pétursson bókmenntafræðingur bendir á að *Rokk í Reykjavík* eigi sér enga fyrirmynd í íslenskri kvikmyndasögu. *Popp í Reykjavík* og *Gargandi snilld* eru hins vegar eftirmyndir af *Rokki í Reykjavík*. Allir muna eftir Sjálfsfróun í *Rokki í Reykjavík* og þess vegna þarf að vera eitthvað *Sjálfsfróunarelement* í báðum hinum myndunum: Spitsign í *Poppi í Reykjavík* og Nilfisk í *Gargandi snilld*. *Gargandi snilld* innlimar meira að segja *Rokk í Reykjavík* í sig, klippt er saman langt myndskeið úr myndinni

Samkvæmt Gunnari Þorra Péturssyni bókmenntafræðingi var *Rokk í Reykjavík* ekki gerð með neina fyrirframgefna forsendu í huga. Þónkið hafði bara skapað ótrúlega áhugaverða senu og Friðrik Þór og Þorgeir Gunnarsson kvikmyndagerðarmenn stukku af stað til að fanga hana. Íslenski tónlistarbransinn var ekki jafn sjálfsmeðvitaður og þegar hinar myndirnar tvær voru gerðar. Í *Poppi í Reykjavík* var hæpið fyrir Reykjavík og meikið í útlöndum komið til sögunnar. Myndin er meðvituð auglýsingamynd þar sem aldrei er efast um að íslensk tónlist sé frábær og næturlífið í Reykjavík engu líkt - rauði þráðurinn er Páll Óskar að lóðsa tökuliðið um næturlíf Reykjavíkur. Í *Gargandi snilld* er gengið skrefinu lengra. Þar er reynt að læða því firrta mikilmennskubrjálæði inn hjá áhorfandanum - á meðan hann er dáleiddur með loftskotum af hálendi Íslands, Sigurrós og Hrafnagaldri Óðins - að Íslendingar séu af einhverjum ástæðum æðri öðrum þjóðum þegar kemur að tónlist.<sup>6</sup>

Haukur Már Helgason er gríðarlega gagnrýninn á kvikmyndina í grein sem birtist í Grapevine árið 2005, hann fullyrðir að tónum Sigurrósar sé beitt í þjóðernislegum tilgangi, og minni á tóna Wagners. Umfram allt telur hann *Gargandi snilld* ekki þjóna hlutverki sínu sem heimildarmynd:

---

<sup>4</sup> Jónas Sen. „Áhrifamáttur heimildarmynda.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 1. júlí. 2006, bls: 16.

<sup>5</sup> Ívar Páll Jónsson “Barnið komið í bleiu” *Morgunblaðið* 15 maí, 2005, vefslóð: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1017752](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1017752)

<sup>6</sup> Gunnar Þorri Pétursson, 2015 munnleg heimild

Soon, and perhaps before the publication of this article, a documentary will start running in local cinemas about the contemporary music scene. It is not so much a traditional rockumentary – where emphasis is usually laid on looking behind the scenes and revealing some “truth behind the hype” – as a ... well, pyrotechnic orgy of national self-glorification. Its title is Screaming Masterpiece.<sup>7</sup>

Að mati Hauks á heimildarmynd að rannsaka það sem gerist bak við tjöldin: „Truth behind the hype.”<sup>8</sup> Undir lok greinarinnar vitnar hann í rússnesku níhilistana sem kusu frekar að bursta skó hjá almúganum en að þjóna hirðinni.

Í raun og veru var *Gargandi snilld* að birta nákvæma eftirmynd af þeirri stemningu sem ríkti í samfélaginu. Myndin var frumsýnd 2005, þá voru íslenskir útrásarvíkingar – stétt kaupsýslumanna sem varð til við sambræðslu hugmynda um víkingaæðli Íslendinga - að leggja undir sig Evrópu í krafti bankastarsemi. Fréttir af yfirtökum þeirra á fyrirtækjum erlendis prýddu reglulega forsíður dagblaðanna. Sömuleiðis kepptust fjölmiðlar við það ár eftir ár að verðlauna þá fyrir frumkvöðlastarf í bankastarfsemi. *Gargandi snilld* er merkileg heimild um tíðarandann á meðan allt lék í lyndi. Það sést best í óborganlegri senu á Bessastöðum, þar sem jaðarhljómsveitin Trabant heldur uppi stemningu og spilar fyrir Dorrit, Ólaf Elíasson, Ólaf Ragnar Grímsson, og ýmsa aðra. Það er einhver hryllingur sem leynist á bak við. Engan viðstaddra grunar hvað koma skal, tilhugsunin um að allir séu veðsettir upp fyrir haus er enn of fáránleg. Sólin skín í aldingarðinum.

En hvað með myndir sem skoða sannleikann á bakvið tjöldin. Í því samhengi má minnst á *Varði fer á vertíð* (2001) eftir Grím Hákonarson. Myndin fjallar um ævintýri Hallvarðs Ásgeirssonar jaðartónlistarmanns. Hann er atvinnulaus og neyðist til að skrá sig í sveitaballahljómsveitina Ópal. Í kvikmyndinni er Varði lagður í hálfgerð einelti, hljómsveitarmeðlimirnir hleypa honum alls ekki inn í klíkuna sína. Enda er hann klipptur úr öðru tímariti en þeir. Jafnframt er ljóst að meðlimir Ópals þrá að Grímur opni fyrir þeim dyrnar að ráðandi menningu í anda *Gargandi snilldar*. En þvert á væntingar meðlima Ópals afhjúpar Grímur þá með því að spila á hégómagirnd þeirra. Þessi kvikmynd er því eins konar rannsókn á "the truth behind the hype". Það sést í mjög myndinni senu

---

<sup>7</sup> Haukur. Már. Helgason.. „Screaming masterpiece?“ *Grapevine*, 2005, Vefsíða: <http://www.grapevine.is/Author/ReadArticle/Screaming-Masterpiece>

<sup>8</sup> Sama grein.

þar sem söngvari Ópals fær þá hugmynd að ef of fáir mæta á tónleika þeirra sé mögulegt að fá myndbút "lánaðan," sem birtir magnaða stemningu á tónleikum annarrar sveitaballahljómsveitar. Hallvarður, sem fær allar háðsglósurnar hjá meðlimum Ópals hefur samúð kvikmyndagerðarmannsins. Hann birtist í það minnsta sem flottasta persóna kvikmyndarinnar og kemur út sem sigurvegari.

## Pólítískar heimildarmyndir

Bill Nichols líkir einni tegund heimildarmynda við lögfræðing sem ver málefni skjólstæðingsins síns.<sup>9</sup> Þessar heimildarmyndir hafa ákveðinn áhorfendahóp í huga og setja fram sjónarmið sem falla pottþétt í kramið hjá honum. Þær standa fyrir eða túlka skoðanir fólks, hópa eða stofnanna, og reyna eftir fremsta megni að fá áhorfendur til að fallast á þau sjónarmið sem myndin boðar.<sup>10</sup> Svo má nefna aðra tegund kvikmynda, þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn sjálfur verður hluti af heimildarmyndinni. Í því tilliti má nefna flestar heimildarmyndir leikstjórans Michael Moore. Fyrsta persónan færir form heimildarmyndarinnar í átt að ritgerð, dagbókarformi, og jafnvel tilraunakvikmyndum.<sup>11</sup>

Ein af þessum pólítísku kvikmyndum er *Draumalandið* (2009) í leikstjórn Þorfinns Guðnasonar og Andra Snæs Magnasonar. *Draumalandið* skoðar það sem hefur gerst í orkumálum Íslendinga síðustu ár, byggingu Kárahnjúkastíflu og álvers Alcoa á Reyðarfirði. Myndinni er beint gegn hvers kyns stóriðjustefnu og sendir stjórnvöldum fingurinn.

Myndin hrærir í tilfinningalífi áhorfenda. Það er fyrst og fremst myndmál kvikmyndarinnar, skot af stórbrotinni náttúru og hrikalegu hálendi Íslands sem ná fyrst og síðast að fanga huga áhorfenda. Myndmálið verður enn sterkara við undirspil dramatískra tóna. Það má jafnvel ganga svo langt að segja að áhorfandinn sé dáleiddur með loftskotum af hálendi Íslands rétt eins og Gunnar Þorri Pétursson bendir á að sé gert í *Gargandi snilld*. Jafnvel þó að framsetningin á viðfangsefninu sé svipuð í báðum heimildarmyndunum er mikill munur á inntakinu. Í *Draumlandinu* er sjónum beint að fegurð landsins til að undirstrika hættuna sem stafar af virkjunum. En í *Gargandi snilld* er engin hætta á ferðum, loftskotin í þeirri kvikmynd gefa sjónarmiðunum um mikilfengileika Íslendinga einfaldlega aukið vægi.

---

<sup>9</sup> Bill Nichols, , *Introduction to Documentary*, 2001 bls, 4.

<sup>10</sup>Sama rit, bls 5.

<sup>11</sup> Sama rit, bls 14.

Í *Draumlandinu* eru viðtöl við aðila sem standa fyrir gagnstæð sjónarmið. Þessir einstaklingar líta iðulega mjög illa út í myndinni. Með þessu móti gefur kvikmyndamaðurinn til kynna að hann gæti fyllstu hlutlægni. Hér má til dæmis minnst á viðtal við formann Alcoa á Íslandi. Stjórnámálamennirnir - Geir. H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir og Halldór Ásgrímsson - sem gáfu grænt ljós á virkjunina fá slæma útreið í kvikmyndinni. Auðvitað er ekki verið að gæta hlutleysis. Það má jafnvel vera að kvikmyndagerðarmaðurinn sé ekki einu sinni meðvitaður að hann gæti ekki hlutleysis. En er þetta bara hreinn áróður sem birtist í *Draumalandinu*.

Í greininni „Siðfræði mynda eða: „Ég fæ að leika í bíómynd. Þeir ætla að gera mig að stjörnu““ fer mannfræðingurinn Jay Ruby hörðum orðum um hina hlutlægu heimildarmynd, þar sem hann brýnir fyrir heimildargerðarmönnum að þeir geti ekki miðlað neinum hlutlægum sannleika í heimildarforminu.

Ég tel að kvikmyndagerðarmönnum beri siðferðisleg skylda að sýna okkur að framleiðslan spegli ekki samfélagið á hlutlægan hátt – birti ekki „raunsanna“ mynd þess. Annars er verið að festa ríkjandi ástand í sessi, styrkja kúgunaröfl þessa heims og firra fólkið sem við teljum okkur vera svo umhugað um. Á meðan myndasmiðurinn selur öðrum myndir sem hina sönnu mynd af heiminum, vanvirðir hann siðferðislega skyldu sína.<sup>12</sup>

Heimildargerðarmaður á að leggja áherslu á huglægni í kvikmyndagerðinni og forðast hlutlægni. Jay Ruby telur nefnilega að samfélagið sé blekking. Heimildarmynd eigi því alls ekki að reyna að endurspeglar samfélagið. Ef miðlun veruleikans í kvikmynd sé hlutlæg verðir útkoman blekking. Framsetningin sé beinlínis röng.<sup>13</sup>

Í þessu tilliti má minnst á *Ge9n (2011)* eftir Hauk Má Helgason. Kvikmyndin fjallar um réttarhöldin gegn hinum níu þátttakendum sem tóku þátt í pólitískri aðgerð á pöllum Alþingis 8. desember 2008. Fjallað er um mótmæli þeirra á Alþingi og réttarhöldin sem voru haldin yfir þeim í kjölfarið. Kvikmyndagerðarmaðurinn kærir sig engan veginn um hlutleysi, framsetningin er

---

<sup>12</sup> Jay Ruby, „Siðferði mynda, eða: „Ég fæ að leika í bíómynd þeir ætla að gera mig að stjörnu““. Áfangar í kvikmyndafræðum, 2003. bls. 207-218, hé bls. 209.

<sup>13</sup> Samar rit bls, 215.



gríðarlega huglæg, hún tekur upp hans kann fyrir fólkinu. Ég spurði Hauk Má út í tilurð myndarinnar og hvers vegna hann leyfði ekki sjónarmiðum sem voru andstæð Níumeningunum að njóta sín:

Um sakleysið - höfuð-ákæruliðurinn, um "árás á Alþingi" var svo úr öllu hlutfalli við hina raunverulegu atburðarás, að þar var augljóslega um að ræða einhvers konar pólitíska árás á mótmælendur frekar en dómsmál sem nokkur fótur var fyrir. Enda voru allir sýknaðir af þeim lið. Hitt, hvort einhverjir voru leiðinlegir við lögregluna, neituðu að láta handtaka sig og svo framvegis, var aukaatriði.<sup>14</sup>

Aðeins sjónarmið þeirra sem réðust inn á Alþingi fá pláss í kvikmyndinni. Þessi kvikmynd er engan veginn að festa ríkjandi ástand í sessi, þvert á móti er hún huglæg og afhjúpar blekkingu samfélagsins í anda hugmyndafræði Rubys.

Í meistararitgerð Steingríms Dúa, Mássonar "Rúnturinn : alsjársamfélagið, fjölmiðlavalld og túlkun veruleikans" bendir hann á að heimildarmyndir séu lítið sóttar í kvikmyndahús. Í mesta lagi sjái 200-500 manns kvikmyndina, en verði hún sýnd á RÚV, geti þessi tala tífaldast. RÚV er því valdataeki í menningunni hérlendis því hún velur hvaða myndir eru sýndar. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir þann sem gerir heimildarmynd að RÚV kaupi réttinn að henni. En reynsla Steingríms, sem sjálfstæðs kvikmyndagerðarmanns í rúmlega 20 ára, sé sú að RÚV taki litlar áhættur. Stofnunin hafni öllum tilraunum með formið og kvikmyndum sem fari óhefðbundnar leiðir. Það sé miður vegna þess að RÚV eigi að sinna grasrótinni.<sup>15</sup> Kvikmynd sem RÚV hefur hafnað í tvígang er einmitt *Ge9n*. Í síðara skipti taldi RÚV hana vera móðgun við þingverðina sem koma fram í myndinni.<sup>16</sup>

---

<sup>14</sup> Haukur Már Helgason, munnmæli 2015.

<sup>15</sup>, Steingrímur Dúi Másson, "Rúnturinn: alsjársamfélagið, fjölmiðlavalld og túlkun veruleikans, siðferði heimildarmynda og karníval rúntsins" Lokaverkefni til MA-prófs, (Bifröst, Háskólinn á Bifröst 2012), bls 1-150, hér bls 53.

<sup>16</sup> Haukur Már Helgason, munnmæli 2015.

## Leigumarkaðurinn, fátækrahverfi

Í þessum kafla verður leigumarkaðurinn á Íslandi skoðaður til að varpa ljósi á viðfangsefni *Geimstöðvarinnar*. Húsnæðismarkaðurinn á Íslandi er vægðarlaus, hagstæðast er að kaupa íbúð, en flestir leigjendur hafa ekki efni á íbúð. Þeir standast oftast ekki greiðslumat og eru fastir á leigumarkaðnum. Í grein sem birtist á vef Ríkisútvarpsins er sagt frá leigjanda sem hefur verið á leigumarkaði í 12 ár af illri nauðsyn ásamt fjölskyldu sinni. Hún segir leiguna sífellt hækka og að hún þurfi ítrekað að flytja. Fjölskylda hennar komist ekki í gegnum greiðslumat þrátt fyrir að hafa alltaf staðið í skilum og auðveldlega getað borgað af húsnæðisláni:

Kerfið er fátækt og við sjáum okkur ekki fært í framtíðinni að kaupa íbúð miðað við ástandið í dag þar sem maður nær ekki einu sinni að leggja fyrir sparnað til að eiga fyrir lágmarks innborgun sem hverfur hvort sem er með verðbólgunni. Við værum samt svo til í að kaupa okkar eigið. Eiga fastan stað fyrir okkur og börnin, vera ekki í óvissu alltaf hreint. Ömurlegt að geta ekkert gert í íbúðinni sem þarf að laga og endurbæta eða breyta og gera íbúðina rétta fyrir okkur.<sup>17</sup>

Vandamál leigjenda hafa aukist með tilkomu Airbnb-íbúða. Ásta Guðrún Helgadóttir bendir á í *Kvennablaðinu*, að venjulegir leigjendur séu sömuleiðis að keppa við Airbnb leigjendur. Samkvæmt útreikningum hennar er gróðinn af slíkum íbúðum að meðaltali 500 þúsund á mánuði. Það gefur miklu meiri pening en hefðbundin útleiga.<sup>18</sup> Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands búa 40% Íslendinga á aldrinum 20 til 29 ára í foreldrahusum. Hátt íbúðaverð og erfitt ástand á leigumarkaði spilar þar hugsanlega inn í. Hlutfallið er fjórfalt hærra en í Danmörku.<sup>19</sup>

Þetta vandamál er samt ekki eingöngu bundið við Íslands heldur á það við um allan heiminn. Á Ítalíu, Spáni og Póllandi er það til að mynda á bilinu 60 til 80 prósent.<sup>20</sup>

---

<sup>17</sup> Arnhildur Hálfðánardóttir, *RUV*, 11. ágúst 2015, vefslóð: <http://www.ruv.is/frett/greidslumat-oll-trixin-i-bokinni>

<sup>18</sup> Ásta Guðrún Helgadóttir, *Kvennablaðið*, 11. ágúst 2005, <http://kvennabladid.is/2015/08/11/leigumarkadurinn-vs-airbnb-loft-rum-og-braud/>

<sup>19</sup> Arnhildur Hálfðánardóttir, *RUV*, 11. ágúst 2015, vefslóð: <http://www.ruv.is/frett/greidslumat-oll-trixin-i-bokinni>

<sup>20</sup> Þórður Snær Júlíusson, *Kjarninn*, 4 júlí, 2015, vefslóð: <http://kjarninn.is/2015/07/fjorir-af-hverjum-tiu-islendingum-a-thritugsaldri-bua-enn-i-foreldrahusum/>

Fátækt fólk leitar stundum á ólíklegustu svæðum að húsnæði. Í Kína er til sérstakur ættabálkur sem kallast rottuættbálkurinn. Hann samanstendur af að minnsta kosti milljón manns sem býr neðanjarðar í Peking.

Þetta er loftvarnarbyrgi, sem var byggt á tíma Mao Te-tung, fyrrverandi formanni kínverska kommúnistaflokksins. Þarna má finna þúsundir svefnskála og það sem laðar fólk að byrgjunum er leiguverðið.<sup>21</sup>

Eftir að hús fóru að hækka í verði og fólk hafði ekki efni á eigin húsnæði hefur fólk – einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi – tekið upp á því að búa í gámum. Þetta þykir vera ódýr og góð lausn og ekki ósennilegt – sér í lagi miðað við hvernig markaðurinn er í dag – að þessi tegund af húsnæði spretti upp á Íslandi.<sup>22</sup>

Eitt af viðbrögðum stjórnvalda við húsnæðisvandann var að breyta fyrrverandi NATO herstöðinni á Miðnesheiði í stórt fasteignarþorp.

Það að leigja almennum borgurum fyrrverandi íbúðir hermanna hefur áður verið gert á Íslandi. Fyrstu hermennirnir sem komu hingað til lands bjuggu í bröggum. Við brotthvarf hersins stóðu auðir braggar hér og þar á Íslandi. Þá var auðvitað spurt hvað ætti að gera við þessar tómu byggingar.

Bandaríkjamenn sem tóku við af Bretunum sýndu bröggunum lítinn áhuga og kom það í hlut bæjaryfirvalda og húsaleigunefndar að skipuleggja búsetumálin í Reykjavík.<sup>23</sup>

Eggert Þór Bernharðsson heitinn kortlagði gamla braggahverfið – sem myndaðist á stríðsárunum í höfuðstaðnum – í bókinni *Undir bárujárnsþaki*. Í bók hans kemur fram að á stríðsárunum var leigumarkaðurinn í Reykjavík í molum.<sup>24</sup> Þannig að árið 1943 fóru húsnæðislausir Reykvíkingar fljótlega að streyma inn í braggana. Bæjarstjórn lét athuga ástand bragganna og komst að þeirri niðurstöðu í ársbyrjun 1944 að meirihluti bragganna væri slæmur íbúðarkostur, en samt væri mikill munur á þeim.<sup>25</sup>

Ásókn í braggahverfið jókst jafnt og þétt, sem gefur til kynna hversu húsnæðisvandinn var mikill

---

<sup>21</sup> Kristín Clausen, *Pressan*, 5. Febrúar. 2015, sjá vefslóð: <http://www.pressan.is/Veroldin/Lesagrein/falinn-nedanjarðarheimur-i-peking->

<sup>22</sup> Höfundur ónefndur, *Pressan*, 27. Nóvember 2012, vefslóð: <http://www.pressan.is/Veroldin/Lesagrein/hefur-thu-ekki-efni-a-ad-kaupa-ther-husnaedi-tha-er-thetta-kannski-launsin-fyrir-thig>

<sup>23</sup> Eggert Þór Bernharðsson, *Undir Bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík: JPV, 2000, bls. 49.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 53.

í Reykjavík. Í febrúar 1944 bjuggu rúmlega 400 Reykvíkingar í braggahverfinu.<sup>26</sup> Eggert Þór Bernharðsson bendir á að braggabúsetan fór vaxandi og á fimmta áratugi síðustu aldar var eftirspurnin svo mikil að mörgum óaði við.

---

<sup>26</sup>Sama rit, bls. 57.

## Vinstri eða hægri

Í *Hið póstmóderníska ástand: skýrsla um þekkinguna (La Condition postmoderne)* eftir Jean-Francois Lyotard, gerir hann grein fyrir endalokum hinna stóru leiðarfrásagna. Seinni heimstyrjöldin tortímdi trú manna á þessar stóru leiðarfrásagnir, fólk trúði ekki lengur á hinar altæku lausnir.<sup>27</sup> Póstmódernismi þýðir í raun endalok allra þeirra hugmyndakerfa sem boða sannleikann. Það er enginn sannleikur til, aðeins orðræður sem takast á, sá sem stjórnar orðræðunni getur mótað sannleikann eftir eigin geðþótta.

Þegar herinn var starfræktur á landinu skipti hann landsmönnum í tvo hluta. Menn voru annaðhvort á móti hernum eða ekki.<sup>28</sup> Nú, er ekki lengur kalt stríð og fólk hefur löngu misst trúna á stóru kerfin. En var eitthvað á bak við hugtökin, vinstri og hægri, annað en hugmyndafræði? Í heimildarmyndinni *The Red Army* (2014) er gerð grein fyrir ferli fyrirliða sovéska íshökkílandsins Viacheslav Fetisov. Íshökkílandsleikir á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna hafa sterka pólitíska þýðingu, ekki aðeins er verið að takast á á skautasvellinu, heldur þýðir sovéskur sigur að lífshættir þeirra séu hinir einu réttu. Bandarískur sigur er jafnþýðingarmikill fyrir kapítalískan lífstíl. Í myndinni kemur fram að draumur hans er að komast til Bandaríkjanna og spila í NFL deildinni, þar fær hann laun í samræmi við hæfileika sína, en sovéska stjórninn bannar honum það, þannig að hann neyðist til að hínast í ströngum æfingabúðum undir harði og ómanneskjulegri stjórn fyrrverandi KGB leyniþjónustumanns. Þegar Fetisov er kominn á fertugsaldur býður stjórnin honum loks að spila erlendis ef hann borgi hluta af launum sínum til ríkisins. Það kemur því kannski ekki á óvart þegar Fetisov, segir á einum stað í kvikmyndinni, að kaldastríðið hafi verið: kjaftæði og aðeins snúist um peninga.<sup>29</sup>

Það sem stendur eftir af kalda stríðinu er herstöðin á Miðnesheiði. Í raun og veru má segja að við brotthvarf hersins hafi herstöðin á Miðnesheiði breyst í hið fullkomna tákni fyrir ofangreint póstmóderníska ástand. Kalda stríðið var liðið undir lok. Leiðarkerfin höfðu misst merkingu sína. Herinn gufaði upp. Og með honum fóru stóru leiðarfrásagnirnar. Herstöðvaandstæðingar höfðu

---

<sup>27</sup> Jean Francois Lyotard, *Hið póstmóderníska ástand: skýrsla um þekkinguna*, ritstj. Björn Þorsteinsson. Þýðing: Guðrún Jóhannsdóttir. Reykjavík : Háskólaútgáfan : Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 24.

<sup>28</sup> Bjarni Klemenz Vesterdal, „Sýkillinn“ Lokaverkefni til MA-prófs, Háskóli Íslands: Almenn bókmenntafræði 2013, bls 1- 81, hér bls, 6.

<sup>29</sup> Gabe Polsky, *Red Army* 2014.

sígrað. En herinn fór ekki vegna mótmælanna, heldur vegna þess að Ísland var ekki lengur þetta flugmóðurskip sem það var í kalda stríðinu.<sup>30</sup> Eftir stóð draugabyggð á Miðnesheiði, tómar byggingar. Fullkomin útpurrkun hinna stóru leiðarfrásagna. Eyðimörk veruleikans. En hún stóð ekki lengi. Stjórnvöld fóru fljótlega að huga að því að græða aftur á herstöðinni. Henni var breytt í frumkvöðlasetrið Ásbrú. Þetta snerist allan tímann um peninga.

---

<sup>30</sup> Bjarni Klemenz .Vesterdal, „Sýkillinn“ Lokaverkefni til MA-prófs, Háskóli Íslands: Almenn bókmenntafræði 2013, bls 1- 81. hér bls 23, 35.

## Ásbrú/Kadeco

Ég fór á fund Kjartans Eiríkssonar framkvæmdastjóra Kadeco þróunarfélags Keflavíkur. Hann benti mér á að það væri algengt að herstöðum hefði verið lokað á undanförunum árum. Þá spyrðu menn sig auðvitað hvað gera ætti við tóma svæðið. Á Miðnesheiði voru til eignir sem íslenska ríkið tók yfir og markmiðið var að koma þeim til borgaralegra nota. Samkvæmt Kjartani fylgdu því vissir erfiðleikar að byggja samfélagið upp að nýju. Þegar herinn starfaði á Miðnesheiði bjuggu þar í kringum 5000 - 6000 þúsund manns. Þegar svona stór vinnuveitandi lagði niður vinnu skapaðist vandamál sem væri algerlega hliðstætt, og ef byggðarlag með stóru sjávarútvegsfyrirtæki, legði niður starfsemi. Suðurnesin hefðu orðið fyrir miklu höggi við brotthvarf hersins. Viðbragð stjórnvalda var að breyta Miðnesheiði í fasteignarþorp. Markmiðið var að koma þessum eignum í not og skapa verðmætt samfélag. Samkvæmt Kjartani hefði verið lítið vandamál að fylla húsin af fólki, en flóknara að byggja sjálfbært samfélag. Í upphafi lentu þeir í erfiðleikum vegna fortíðar Miðnesheiðar, svæðið hafði neikvæða ímynd vegna þess að þar var herstöð. En þeir hjá Kadeco kusu að horfa framhjá vandamálinu. Á Miðnesheiði mætti finna ákveðna þætti sem sköpuðu samkeppnisyrifburði. Sömuleiðis skoðuðu þeir önnur sambærileg svæði erlendis, hvernig þeim hefði gengið að skapa verðmæti og laða til sín íbúa.

Mikilvægt hefði verið að skapa fræðilegan grundvöll á Ásbrú. Af þeirri ástæðu var skólinn Keilir fyrsta verkefnið sem þeir settu af stað. Næsta verkefni var útleiga til nemanda. Markmiðið var að nýta íbúðirnar án þess að hafa slæm áhrif á fasteignamarkaðinn. Þá var sjónum beint að námsmönnum sem virkuðu allajafna eins og hálfgerður „böffer“ á markaðinn. Ef leiguverð væri lágt kysu námsmenn að flytja fyrir úr foreldrahúsum og byggju jafnvel færri saman í íbúðum. Með því að bjóða upp á hagkvæman koststækkuðu þeir markaðinn. En megintilgangurinn með því að horfa á þennan hóp sérstaklega væri sá að laða að fólk með þekkingu inn á Miðnesheiði. Þeir hjá Kadeco gerðu sér grein fyrir því að allir íbúarnir myndu ekki setjast að en ef ákveðið hlutfall af þeim, jafnvel bara 10 prósent myndu festa rætur á Miðnesheiði yrði það gott fyrir starfsemina. Kannanir sýndu að mikil ánægja ríkti á meðal fólksins, það væri ekki merkjanlegur sá hluti sem væri óánægður með búsetuna. Íbúðirnar væru stórar og rúmgóðar og íbúarnir byggju við mikið öryggi. Þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af að vera hent út eins og gerðist reglulega á íslenskum

leigumarkaði. Fólk gæti treyst því að vera þann tíma sem það ætlaði að vera. Hverfið væri vinveitt börnum og strætótengingar væru fríar. Fólk sem væri í námi í Reykjavík gæti einnig tekið rútna í bæinn.

Eitt af þeim verkefnum sem Kadeco lagði áherslu var að skapa vettvang fyrir kvikmyndagerð, þáttagerð og auglýsingar. Sömuleiðis vildu þeir nýta innlenda orku og höfðu landað erlendum fjárfestingarverkefnum, þar á meðal gagnaverinu Vörn, sem væri stærsta gagnaver á Íslandi. Svo hefðu þeir hrint nýju verkefni í framkvæmd sem væri ræktun á míkroþörungum. Markmiðið væri líka að byggja upp lóðir. Eitt af meginmarkmiðum með gróðursetningu væri skjólmyndum, og að hlífa fólki fyrir hinu fræga suðurnesjaroki. En suðurnesjarokið hefði ýmsa kosti í för með sér líka. Staðsetningin hentaði gríðarlega vel fyrir gagnverin.

Samkvæmt Kjartani hafði fólk misjafnar skoðanir á starfseminni sem var þarna áður: Hvort þetta væri rétt eða rangt? En viðfangsefnið – að breyta herstöð í samfélag frumkvöðla - væri mjög merkilegt. Svæðið byði upp á mörg spennandi verkefni og vektu upp margar skemmtilegar spurningar: Í því samhengi mætti til að mynda nefna: Hvernig samfélagi vill maður búa til? Hvernig kæmist menningin aftur í gang? Það var hægt að skapa aðstöðu fyrir gríðarlega margt, þar á meðal vettvang fyrir kvikmyndir, tónlist, myndlist. Listamenn hefðu sýnt svæðinu mikinn áhuga. Á Miðnesheiði gætu þeir hugað fullkomlega að vinnu sinni, fólk færi jú vissulega svolítið út úr sínu venjulega umhverfi og næði að einangra sig og tengjast hugmyndum sem það væri að vinna með.<sup>31</sup> Hingað til hefðu tekjurnar komið fyrst og fremst frá sölu og leigu eigna. Þeir hefðu skilað ríkissjóði rúmar 4 milljarða og höfðu fengið til baka hluta af þessum peningum úr fjárlögum. Það hefði ekki farið króna af skattfé inn í verkefnið.<sup>32</sup>

---

<sup>31</sup> Kjartan Eiríksson, munnleg heimild, 2014.

<sup>32</sup> Suðurnesjamagasín 7. þáttur 2013 Ásbrú. Vefslóð: <https://www.youtube.com/watch?v=GVFKzpElOrA>



## Glæný merking



Framkvæmdirnar á Ásbrú fá alveg glænýja merkingu ef þær eru settar í samhengi við fortíðina. Það má segja að Ásbrú haldi ákveðinni tryggð við rokkið sem hefur verið tengt við bítlabæinn, Keflavík. All Tomorrows Party (ATP) hátíðin er orðin að árlegum viðburði á Miðnesheiði. Tónlistarmenn hafa sagt mér að það sé sérstaklega áhugavert að spila akkúrat þarna einmitt vegna þess að þetta væri gömul herstöð.<sup>33</sup> Tónleikarnir eru haldnir í gamla flugskýlinu og leikhúsinu Andrew.

Ég hef núna farið þrjú ár í röð á ATP hátíðina og það myndast dulmagnað andrúmsloft á þeim. Það má jafnvel tengja andrúmsloftið við ókennileikann. Hugtakið á einkum við það þegar bæld áhrif vakna við

kynni af einhverju sem er löngu liðið, eða trú, sem talin er yfirstaðin, brýst aftur upp á yfirboðið. Ókennileikinn tengist hugmyndum Freuds um bælingu og dulvitund, sem finna má í sálfræði hans.<sup>34</sup> Tilfinningin er í sambandi við eitthvað óljóst og leynt, eitthvað sem hefur verið bælt niður, en minnir skyndilega á sig. Óhugnaðurinn er því beintengdur endurkomu einhvers sem við höfum

<sup>33</sup> Anna Guðný Gröndal, gítarleikarinn í hljómsveitinni *Börn*, munnleg heimild

<sup>34</sup> Sigmund Freud; „Hið ókennilega“ Listir og listamenn, þýð. Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2004. 191-238. hér, bls, 197. Rætur ókenndarinnar er að finna í þýska orðinu „unheimlich.“ Andstæða „unheimlich,“ er „heimlich“ [leyndur, falinn, dulinn ] og „heimisch“ [heimilislegur, innleyndur ], kunnugur, handgenginn, hið heimkunna. Sigurjón Björnsson þýðir das Unheimliche sem hið „óhugnanlega“. Mér finnst það ekki útskýra hugtakið fyllilega og hef því ákveðið að nota orðið hið ókennilega en gríp einnig til nafnorðsins ókennd

reynt að bægja frá okkur eða losna undan. Allt sem viðkemur Miðnesheiði er ókennilegt, svæðið er beintengt her og kjarnorkusprengrum, að auki er svæðið samofið sögu seinni hluta 20. aldar á Íslandi. Ókennileikatilfinningin á Miðnesheiði er samofin kalda stríðinu. Tónleikarnir sjálfir eru haldnir inni í vöruskemmu sem hýsti orrustuflugvélar. Nú ríkir allt önnur stemning á Miðnesheiði, fólk dansar við rokkhljómsveitir og skálar í áfengi, á herstöð sem einu sinni átti að hýsa kjarnorkuvopn. En minningin um kjarnorkuógnina, sem við höfum reynt að bæla niður, er engan veginn horfin. Þess vegna kemur yfir mann þessi dásamlega ókennileikatilfinning.



Þetta er samt ekki eina herstöðin í heiminum sem hefur verið notuð til tónleikahalds. Flugstöðin Daber Alt Wittstok, sem í kalda stríðinu var hluti af herveldi Sovétmanna, hefur líka hýst tónleika. Á myndbandi frá árinu 2009 má sjá góða stemmningu, fólk dansar í takt við danstónlist, drekkur og nýtur lífsins og hlustar á „remix“ af laginu „The End“, með hljómsveitinni The Doors. Lag sem minnir auðvitað á Víetnamstríðið í *Apocalypse Now*.  
35



Í fasteign sem einu sinni hýsti skotfærageymslu herlögreglunnar má finna ballettmiðstöðina Brimballett.<sup>36</sup> Það er eflaust svolítið kaldhæðnislegt að íslenska eftirmyndin af raunveruleikabættinum „The

Biggest Loser“ er haldin í Officeraklúbbinum. Í dag er hann vettvangur fyrir “fitubollar” sem keppa hver við aðra í að grenna sig.<sup>37</sup> Það er algerlega búið að snúa hlutverki Officeraklúbbsins á hvolf. Jónína Ben er með dítox-hreinsun í blokk, sem einu sinni var aðsetur fyrir bandaríska hermenn, umhverfi heilsuhótelsins leggst misjafnlega vel í viðskiptavinina. Á vefsíðunni

<sup>35</sup> Bjarni Klemenz Vesterdal, „Sýkillinn“ Lokaverkefni til MA-prófs, Háskóli Íslands: Almenn bókmenntafræði 2013. bls, 1- 81, hér bls, 13-14.

<sup>37</sup> (Höfundur ónafngreindur), 2 júní 2014. Vefslóð: <http://www.vf.is/frettir/biggest-loser-island-2-a-asbru/62270>

*booking.com* má finna margar áhugaverðar athugasemdir sem viðskiptavinir heilsuhótelsins hafa skrifað:

I was very disappointed with the location. I had thought it was near the airport, either in a small town or in beautiful countryside. Instead it was on a bleak abandoned military base, with no public transport or shops or other amenities. I had to spend quite a lot on taxis.

The helpful staff and the good breakfast<sup>38</sup>

The staff was fabulous. The rooms were comfortable, though not elegant--there's only so much you can do when you set up a hotel inside the building that once served as on-base lodging for the US Navy.<sup>39</sup>

Eins og dæmin hér að framan sýna hefur herstöðin fengið nýtt hlutverk, hún býður upp á ristilskolun, ballettdans, raunveruleikasjónvarp og margt fleira. Þetta er í raun alger viðsnúningur á nýtingu svæðisins frá því sem var.

---

<sup>38</sup> Höfundur óþekktur. Sömuleiðis dagsetning. Sjá vefslóð: <http://www.booking.com/hotel/is/the-icelandic-health.is.html#tab-reviews>

<sup>39</sup> Höfundur óþekktur. Sömuleiðis dagsetning. Sjá vefslóð <http://www.booking.com/hotel/is/the-icelandic-health.is.html#tab-reviews>

## Greiningarrammi Bill Nichols

Nichols flokkar form heimildarmynda í ákveðið kerfi. Þetta eru sex flokkar sem falla undir misjöfn form heimildarmynda. Hann gefur þó varann á því að sjaldnast falli ein heimildarmynd fullkomlega að einum flokki, heldur megi finna blöndu af mörgum flokkum í heimildarmyndunum.<sup>40</sup>

Form Nichols eru eftirfarandi:

- Í ljóðræna forminu er áhersla lögð á að ná ákveðinni stemmningu til að mynda með hljóði, litum og formi. Heimildarmyndin lýtur lögmálum ljóðræunnar, þannig að klipping og kvikmyndataka grundvallast á tilraunum við að tjá og ná þessari ljóðrænu stemmningu. Þær nálgast oft hið óhlutbundna. Þessar kvikmyndir bera keim af tilraunkenndri, persónulegri og avant-garde nálgun.
- Yfirlestursheimildamynd/Skýringamynd (e. Expository mode). Þetta er algengasta heimildarmyndaformið. Sögumaður er einskonar rödd guðs og talar beint við áhorfandann. Kvikmyndtakan er gríðarlega hlutlæg og klippingin lýtur vilja raddarinnar.
- Könnunarmynd (e. Observational mode.) Form þessarar tegundar heimildarmyndar grundvallast á beinu sambandi við viðfangsefnið og komast hjá því að hafa áhrif á daglegt líf þeirra. Kvikmyndagerðarmaðurinn reynir að vera fluga á vegg.
- Þátttökuheimildamynd/Gagnvirka myndin (e. Participatory mode). Sambandið á milli kvikmyndagerðarmannsins og viðfangsefnisins er aðalatriðið.

---

<sup>40</sup> Nichols: Introduction to Documentary

, bls. 158

Kvikmyndagerðarmaðurinn er því eins konar persóna í kvikmyndinni og getur haft áhrif á atburðarrásina.

- Íhugunarheimildamynd/Sjálfhverfa myndin (e. Reflexive mode). Form þessarar tegundar heimildarmyndar beinir athyglinni að reglunum, sem og kenningum sem heimildarmyndargerð grundvallast á. Þetta form eykur skilning á því að heimildarmyndin er aðeins fær um að sýna eina hið á veruleikanum.
- Gjørningaheimildamynd (e. Performative Mode). Í þessu formi er huglægni og tilfinningaleg afstaða kvikmyndagerðarmannsins ráðandi. Tilvist áhorfandans er ráðandi. Þessar kvikmyndir fjalla oft um persónulega reynslu, sem er sett í vítt pólitískt samhengi. Þetta form er oft notað til að fjalla um minnihlutahópa. Kvikmyndirnar eru oft sjálfsævisögulegar, persónulegar og leggja áherslu á að vekja tilfinningaviðbrögð hjá áhorfendanum.<sup>41</sup>

---

<sup>41</sup> Bill Nichols, *Introduction to documentary* 2001 bls. 33-34,

## *Geimstöðin*

Ég hafði enga niðurstöðu í huga áður en ég gerði heimildarmyndina. Ég fann einfaldlega fyrir áhugaverðu andrúmslofti stafa frá Miðnesheiði og vildi fanga það með myndavélinni. Hugmyndafræðin sem myndin byggist á mótaðist í klippiherberginu. Viðtölin við Ásgeir Tryggvason nema í heilsuhagfræði, og sálfræðinemann Skúla Jón Kristinsson Unnarsson voru áhugaverðust að mínu mati, því þeir voru einlægir og heiðarlegir. Óhætt er að segja að hvorugur þeirra hafði í hyggju að setjast að á Ásbrú. Þeir voru ekki partur af þessum 10 prósentum sem að Kjartan vonaðist til að myndu koma sér fyrir á Miðnesheiði.

Ég hef þekkt Ásgeir frá því að við vorum í 9 bekk í Hlíðarskóla. Tengslin milli okkar auðvelduðu upptökufarlið, hann gat verið fullkomlega hann sjálfur. En hann var vinur minn og þessi tengsl höfðu óhjákvæmilega áhrif á rannsóknina.

Það sem heillaði mig við leiksviðið var Miðnesheiði sjálf. Það var hræðilegt veður og ég sá enga mannveru á svæðinu, bærinn var fullkomlega auður. Blokk Ásgeirs var alveg tóm af mannfólki. Það var eins og öll þessi sameiginlegu rými – eldhús, lyftingasalur - í blokkinni væru einkarými Ásgeirs. Margar blokkirnar allt í kringum íbúðarblokk hans stóðu auðar. Samkvæmt Ásgeiri var þetta ekki draumastaðurinn fyrir manneskju sem þyldi einveru illa, félagslífið væri lítið, en líta mætti á herstöðina sem athvarf. Ég sá fyrir mér myndhverfingu utan um líf hans. Herstöðin var geimstöð á plánetunni Mars. Og eini íbúinn á Mars var heilsuhagfræðinemi.

Það er ákveðin etnógrafískur stíll á *Geimstöðinni*, ég fer inn á Miðnesheiði og „dokumentera“ líf námsmanna á herstöðinni. Í upphafi á þessari greinargerð vitna ég í Weinberger sem bendir á að útilokað sé að túlka raunverleikann hlutlægt í heimildarmynd. Ég hefði aldrei getað náð fanga kjarnann í tilveru hans á Miðnesheiði, en lagði upp með að fanga þessa drungalegu stemningu, og var þarf leiðandi mjög huglægur í útkomunni.

Fyrsta mynd mín *Herstöðin* fjallaði bara um Ásgeir og líf hans á herstöðinni. Ásgeir vakti mikla lukku þegar hann var frumsýndur í Bíó Paradís. Þessi góðu viðbrögð í salnum voru fyrst og síðast tengslum okkar að þakka. Ég vissi hvernig ég gæti virkt Ásgeir og kallað fram allar skemmtilegustu hliðar hans. Ég gat í raun leikstýrt honum, sviðsett atburðarrásir og búið ramma utan um líf hans á herstöðinni. Ég reyndi að filma söluvænlegustu stemninguna, og hagræddi því örlítið sannleikanum rétt eins og Flaherty gerði í heimildarmynd sinni um veiðimennina á Grænlandi í *Nanook of the North*. Rannsóknin sjálf var svolítið huglæg og óhlutdræg vegna kunningssskapar

okkar.

Ég þekkti Skúla eiginlega ekkert áður en ég tók viðtal við hann. Við áttum sameiginlega vini eins og nánast allir Íslendingar. Það sem hélt honum á Miðnesheiði var fyrst og síðast ódýr leiga. Hann gat, rétt eins og Ásgeir, ekki hugsað sér að setjast að á Ásbrú, en fannst í lagi að vera búsettur tímabundið á svæðinu. Hann hljóp reglulega, annaðhvort í ræktinni eða í kringum Miðnesheiði.

Hann kunnir vel við umhverfið, sá fegurð við þennan hráslagalega og grúa sjarma sem einkenndi Miðnesheiðina. Þrátt fyrir að hann vissi að fjöldi manns byggir á svæðinu sæi hann sjaldnast neinn. Stundum þegar hann gengi einn heim á kvöldin upplifði hann stemmningu eins og listræna hryllingsmynd. Annars var hann lítið á þvælingi á svæðinu og fór sjaldnast til Keflavíkur. Hann átti einn vin í Keflavík sem var fluttur þaðan. Eftir brotthvarf hans ætti ætti Skúli ekkert erindi við svæðið. Ekki nema við Bónus. Hann upplifði sjálfan sig svolítið fyrir utan samfélagið, rétt eins og Ásgeir. Það sem gerði Skúla einnig svolítið áhugaverðan heimildarmann var fortíð hans. Á menntaskólárum Skúla fannst honum Lenin mjög töff karakter. Hann ferðaðist til Mosku átján ára gamall og fór á byrjendanámskeið í rússnesku. Á gömlu NATO herstöðinni mátti finna heildarritsafn Lenins.

*Geimstöðin* fellur tvímælalaust undir hið ljóðræna form. Ég lagði upp með að skapa ákveðna stemmningu. Félagslíf viðmælenda minna var í Reykjavík, en þeir bjuggu samt á Suðurnesjum. Það er nákvæmlega engin menningarstarfsemi á Miðnesheiði fyrir utan ákveðna skipulagða viðburði, eins og ATP. Þessir viðburðir eru ekki hugsaðir fyrir íbúana sjálfa heldur til að laða fólk að. Þar að auki voru viðmælendur mínir háðir rútuferðum til að komast til Reykjavíkur. Veturinn 2013-2014, þegar þeir voru búsettir á Ásbrú, voru rútuferðirnar frjár, en nú hefur verið lagt gjald á þær. Félagslega rými þeirra var skert, en einkarýmið algert. Ég sá ljóðræna stemningu við einveru þeirra. Viðtöl við annað fólk passaði ekki saman við frásögn Ásgeirs og Skúla. Þess vegna klippti ég þau burt úr myndinni. Eftir á að hyggja áttaði ég mig á því að ég var eflaust ekki nægilega skipulagður, en þessi sjónarmið sem enduðu í ruslakistu við klippinguna fá að njóta sín í þessari greinargerð. Mig langaði heldur ekki að gera fræðandi mynd um hið uppbyggilega starf Ásbrúar.<sup>42</sup> Sömuleiðis hafði ég lítinn áhuga á því að fjalla um tilveruna á vellinum þegar herinn starfaði á svæðinu. Allt myndi víkja fyrir ljóðrænunni.

Sömuleiðis má finna í *Geimstöðinni* blæbrigði af tveimur heimildarmyndarformum sem Nichols sleppir að nefna í greiningarramma sínum, annars vegar etnógrafík og hins vegar

---

<sup>42</sup> Á *Youtube* má finna mjög fræðandi fréttainnslag um Ásbrú.

grínheimildarmyndarstíll "mocumentary". Myndin er einnig etnógrafík vegna þess að ég heimsæki þá "documentera" hið daglega líf þeirra.

Þrátt fyrir að *Geimstöðin* sé ekki leikin mynd getur hún flokkast sem "mocumentary." Það er form sem hefur að markmiði að gera varpa kaldhæðnislegu ljósi á viðfangsefni heimildarmyndarinnar. Ég reyni að ýkja andstæðurnar á milli fortíðar Miðnesheiðar sem NATO herstöðvar og námsmannalífsins á Miðnesheiði, og sýna hversu furðulegt sé að menn, sem væru best geymdir á Þjóðarbókhöðunni, hafi komið sér fyrir á gömlu herstöðinni.

Heimildargrínmyndin *What We do in the Shadows* (2014) fjallar um vampírur á Nýja Sjálandi. Kvikmyndatökumenn fylgja þeim eftir hvert fótmál og skrásetja hvert orð þeirra. Hið myndna eru árekstarar á milli vampíranna í hversdagslífinu. Þær rífast yfir óhreinu uppvaski og öðrum sóðagangi í sameigninni. Í flestum kvikmyndum eru vampírur hafnar yfir slíkan tittlingaskít. Vampírur eru flottar skelfilegar og kynþokkafullar, en vampírurnar í *What We do in the Shadow* eru það alls ekki. Það er búið að afbyggja sjálft eðli þeirra.

Herstöðin var á sínum tíma algerlega lokuð fyrir almenningi. Miðnesheiðin var sveipuð dulúð og skelfingu, en núna er hún algerlega landamæralaus. Sömuleiðis er hún hættulaus, þetta er orðin eftirlíking af herstöð. Með því að gera hana landamæralausa og breyta henni í stúdentagarða er búið að afbyggja eðli hennar, rétt eins og vampíranna í *What We do in the Shadow*.



## Kvikmyndaferlið

Kvikmyndtakan einskorðaðist ekki eingöngu við Ásgeir og Skúla. Ég fór á ATP og fylgdi Skúla eftir á tónleikunum. Sömuleiðis birti ég brot af innanbúðarmyndbandi Ásbrúar sem sýnir mynd af eins konar Silicon Valey samfélagi. Í myndbandinu er brugðið upp mynd af fólki í ballett, brosandí börnum, heilbrigðu fólki í ræktinni.<sup>43</sup> Myndbandið myndar áhugaverða andstæðu við veruleika Ásgeirs og Skúla. Ég fékk líka efni hjá RÚV frá tímum kalda stríðsins. Ég prófaði allar Sony vélarnar sem Háskólinn á. Sömuleiðis notaði ég Canon vélina mína. Kærasta mín Anna Guðný Gröndal aðstoðaði mig stundum við tókurnar á kvikmyndinni. Á einum stað nota ég tónlist í kvikmyndinni sem ég fékk frá hljómsveit Önnu: *Börn*.

*Herstöðina* klippti ég á Final Cut. Ég lærði á forritið meira og minna með aðstoð Youtube. Ég notaði hins vegar Avid, sem er ekki alveg jafn notendavænt forrit, við klippingu á *Geimstöðinni*. Það var strembið en leiðbeinandi minn Steingrímur Dúi lagði sig allan fram við að kenna mér á forritið og aðstoðaði mig við klippinguna. Sömuleiðis var Ármann Valur mjög hjálpsamur einu sinni þegar ég lenti í tæknilegum vandræðum. Þannig að þetta gekk upp með góðri hjálp frá kennurunum.

---

<sup>43</sup> Lífið á Ásbrú 7. Maí 2013, vefslóð. <https://www.youtube.com/watch?v=pgmXw9VCeBU>

## Lokaorð

Rannsóknarspurningin mín beindist einfaldlega að ástandi leigumarkaðarins á Íslandi, og hvernig standi á því að fátækt fólk neyðist til að búa í fyrrverandi vistarverum hermanna. Í gamla daga fluttust fátæklingar í braggahverfin, en í dag búa stúdentar á gömlu NATO herstöðinni.

Ég skoðaði starfsemina á Miðnesheiði og setti hana í samhengi við fortíðina. Þar að auki rannsakaði ég annars vegar sjálfsprottnar kvikmyndir, þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn hefur engar fyrirframgefnar forsendur í huga, og hins vegar bláeygðar auglýsingamyndir og myndbönd sem framleiða sannleika. Utanaðkomandi áhrif, eins og stemningin í Þjóðfélaginu, hefur mikil áhrif á útkomu þessara kvikmynda. Ég skoðaði þessar kvikmyndir og stefnur til að undirstrika hvað sannleikurinn er margræður við heimildarmyndagerð. Áherslan var líka á heimildarmyndir um tónlist því þær eru að reyna að fanga ákveðið andrúmsloft líkt og ég geri í *Geimstöðinni*. Markmiðið var að fanga andrúmsloftið, en láta það ekki gleypa kvikmyndina. Það er mín von að *Geimstöðin* birti þann veruleika.

## Heimildarskrá:

Bjarni Klemenz Vesterdal, „Sýkillinn“ Lokaverkefni til MA-prófs, (Háskóli Íslands: Almenn bókmenntafræði 2013) bls 1- 81,

Brook, Peter, *Tóma rýmið*, ritstj. Þýð. Silja. Björk. Huldudóttir. Guðni Elísson. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003.)

Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. (Reykjavík: JPV, 2000)

Jónas Sen. „Áhrifamáttur heimildarmynda.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, (1. júlí 2005), bls: 15-16.

Liotard, Jean Francois, *Hið póstmóðerníska ástand: skýrsla um þekkinguna*, Þýð. Guðrún Jóhannsdóttir ritstj. Björn Þorsteinsson. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008).

Nichols, Bill, *Introduction to Documentary*, (Indiana Universisty Press. USA, 2001).

Sigmund Freud; „Hið ókennilega“ Listir og listamenn, þýð. Sigurjón Björnsson, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2004), 191-238.

Steingrímur Dúi Másson, “Rúnturinn: alsjársamfélagið, fjölmiðlavalld og túlkun veruleikans, siðferði heimildarmynda og karníval rúntsins” Lokaverkefni til MA-prófs, (Bifröst, Háskólinn á Bifröst 2012), bls 1-150.

Ruby, Jay. „Siðferði mynda, eða: „Ég fæ að leika í bíómynd þeir ætla að gera mig að stjörnu“.“ Áfangar í kvikmyndafræðum, (Forlagið, Reykjavík.2003.) bls. 207-218. Tinna Grétarsdóttir íslenskaði. Ritstj. Guðni Elísson.

Weinberger, Eliot „The Camera People“(Indiana University Press 1992), bls 24-54.

## **Vefsíður:**

*Booking.com*

Vefslóð: <http://www.booking.com/hotel/is/the-icelandic-health.is.html#tab-reviews>

## **Blaðgreinar:**

„Barnið er komið í bleyju” *Morgunblaðið*, (15 maí. 2015) Vefslóð:

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1017752](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1017752)

„Biggest Loser Ísland 2 á Ásbrú,” 2 júní 2014 Vefslóð: <http://www.vf.is/frettir/biggest-loser-island-2-a-asbru/62270>

„Falinn neðanjarðarheimur í Peking“ *Pressan* (2015)

Vefslóð: [http://www.pressan.is/Veroldin/Lesagrein/falinn-nedanjardarheimur-i-peking-  
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1017752](http://www.pressan.is/Veroldin/Lesagrein/falinn-nedanjardarheimur-i-peking-http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1017752)

„Fjórir af hverjum tíu Íslendingum á þrítugsaldri búa enn í foreldrahusum.“ *Kjarninn* (4. Júlí, 2015)

Vefslóð: <http://kjarninn.is/2015/07/fjorir-af-hverjum-tiu-islendingum-a-thritugsaldri-bua-enn-i-foreldrahusum/>

„Hefur þú ekki efni á að kaupa þér húsnæði þá er þetta kannski lausnin fyrir þig“ *Pressan* (2012)

Vefslóð:<http://www.pressan.is/Veroldin/Lesagrein/hefur-thu-ekki-efni-a-ad-kaupa-ther-husnaedi-tha-er-thetta-kannski-lausnin-fyrir-thig>

„Leigumarkaðurinn vs. AirBnB: Loft, rúm og brauð.“ *Kvennablaðið*, (11. ágúst 2015)

Vefslóð: <http://kvennabladid.is/2015/08/11/leigumarkadurinn-vs-airbnb-loft-rum-og-braud/>

„Screaming masterpiece?“ *Grapevine*, (6. maí, 2005)

Vefslóð: <http://www.grapevine.is/Author/ReadArticle/Screaming-Masterpiece>

“Öll trixin í bókinni,” *RUV*, (11. ágúst 2015)

Vefslóð: <http://www.ruv.is/frett/greidslumat-oll-trixin-i-bokinni>

## **Netmyndbönd:**

Suðurnesjamagasín (7. þáttur 2013 Ásbrú).

Vefslóð: <https://www.youtube.com/watch?v=GVFKzpElOrA>

Lífið á Ásbrú 7. Maí 2013, vefslóð. <https://www.youtube.com/watch?v=pgmXw9VCeBU>

## **Kvikmyndir:**

Andri Snær Magnason, Þorfinnur Guðnason, *Draumalandið*, (Ground Control Productions, Auka Framleiðendur: TC Films & Zik Zak Filmworks. Ísland, 2009).

Ari Alexander, *Gargandi snilld*, (Zik Zak Ísland, 2005).

Ágúst Jakobsson, *Popp í Reykjavík*, (Ingvar Þórðarson, Baltasar Kormákur Ísland, 1998).

Bjarni Klemenz, *Herstöðin* . (Bjarni Klemenz Ísland 2012).

Gabe Polsky, *Red Army* (Gabe Polsky Þýskaland, 2014).

Grímur Hákonarson, *Varði fer á vertíð* (Óháða kvikmyndagerðin Ísland, 2001).

Friðrik Þór, Þorgeir Gunnarsson, *Rokk í Reykjavík* ( Hugrenningur Ísland, 1982).

Haukur Már Helgason, *Ge9n* (Bogi Reynisson Ísland, 2011).

Taika Waititi, Jemaine Clement, *What We do in the Shadow*, (Funny or Die New Zealand Film Commission Nýja Sjáland 2014).

### **Munnlegar heimildir:**

Anna Guðný Gröndal, munnleg heimild (2015)

Ásgeir Tryggvason, munnleg heimild, (2012, 2014)

Gunnar Þorri Pétursson, munnleg heimild, (2015)

Haukur Már Helgason, munnleg heimild, (2015)

Kjartan Eiríksson, munnleg heimild, (2014)

Skúli Jón Kristinsson Unnarsson, munnleg heimild (2014)

### **Ljósmyndir:**

Teknar af höfundi.